

Vesturbyggð  
Óskar Örn Gunnarsson  
Aðalstræti  
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 26. ágúst 2022  
UST202207-170/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Hóll á Bíldudal - Vesturbyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 14. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði fyrir Hól á Bíldudal.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagstillagan geri ráð fyrir að á svæðinu rísi íbúðarsvæði með lágreistri byggð einbýlis-, par- og raðhúsa. Í heild er fyrirhugað að byggja 56 íbúðir í deiliskipulaginu, með 24 einbýlum, 6 parhúsum, 4 raðhúsallengjum og einu fjölbýlishúsi og svæðinu er skipt niður í 3 áfanga.

Auk þess kemur fram að skipulagssvæðið er ríflega 9 ha að stærð og liggur við íþrótt- og golfvöllinn á Bíldudal í landi Hóls með aðkomu frá Bíldudalsvegi.

### **Sjávarfitjar**

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins eru sjávarfitjar sem falla undir sérstaka vernd.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni að sjávarfitjar falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, hver áhrif tillögunnar eru á votlendið og hvaða leiðir verði farnar til að forðast rask þeirra. Einnig, ef tillagan gerir ráð fyrir raski á sjávarfitjunum, þarf að fjalla um málsmeðferð skipulags og framkvæmda í samræmi við ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*